

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2024
UST202403-116/B.S.
05.00

Efni: Umsögn - Frumvarp um Loftslags- og orkusjóð

Vísað er í frumvarp um loftslags- og orkusjóð sem nú er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. S-69/2024). Umhverfisstofnun fagnar því að unnið sé að því að einfalda og auka við styrkveitingar á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála með sameiginlegum sjóði loftslags- og orkumála.

Umhverfisstofnun óskar eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum varðandi útfærslur á styrkveitingum, forgangsroðun og þau skilyrði sem höfð verða til hliðsjónar við styrkveitingu. Einnig erum við með ábendingar sem snúa að útfærslu stjórnsýslu og ábyrgðaskiptingu við úthlutun styrkja.

Til að byrja með vill stofnunin benda á að þó mikil skörun sé á málefnum sem falla undir sjóðinn; orku-, loftslags- og hringrásarmál, þá er samlegðin ekki algjör. Þannig eru verkefni á sviði loftslagsmála sem ekki eru orkumál, verkefni á sviði hringrásarhagkerfis sem ekki eru loftslagsmál o.s.frv. Tryggja þarf að fjármagni sé veitt í alla þessa málaflokka, einnig í þeim tilfellum sem full samleið er ekki til staðar. Þetta er hægt að tryggja með að eyrnamerkja fjármagn í hvern flokk fyrir sig eða búa um úthlutunarreglur þannig að þær útiloki ekki verkefni sem ekki tengjast öllum málaflokkum. Stofnunin sér einnig ákveðna hættu á að stórum hluta af fjármagni sjóðsins verði veitt í beinar stuðningsaðgerðir á kostnað annarra verkefna sem fjallað er um í 2. gr. Síðast var styrkjum til eflingar hringrásarhagkerfisins úthlutað árið 2022 í 2. úthlutun og var heildarstyrkupp hæð 230 milljónir króna. Á árinu 2023, í 4. og 5. úthlutun Loftslagssjóðs, var tæpum 199 milljónum úthlutað samtals. Til samanburðar var á sama ári rúmum 900 milljónum króna úthlutað úr Orkusjóði. Mikilvægt er að tryggja ákveðið jafnvægi og horfa til þess að allir málaflokkir fái vægi.

Í tilfelli málefna hringrásarhagkerfisins má taka sérstaklega fram að verkefni á þessu sviði eru til þess gerð að draga úr auðlindanýtingu sem hefur almennt í för með sér samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Í mörgum tilfellum er hins vegar erfitt að áætla hversu mikill samdráttur fylgir einstaka verkefnum auk þess sem losunin gæti í mörgum tilfellum fallið utan losunar á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda, þ.e.a.s. að samdrátturinn sé utan

landamæra Íslands. Það sama á við um verkefni á sviði miðlunar og fræðslu þar sem erfitt er að meta samdrátt í losun.

Umhverfisstofnun vill einnig koma á framfæri að í samtölum stofnunarinnar undir formerkjum Hringrásarklasans hefur ítrekað komið fram að brýn þörf er á auknum styrkveitingum í málefnum hringrásarhagkerfisins, en einnig að þörf sé á auknum fyrirsjáanleika í fjármögnun innan málaflokksins. Þessu er meðal annars hægt að mæta með að tryggja að styrkveitingar séu ekki einungis á sviði orku- og loftslagsmála og að gera ekki miklar breytingar á úthlutunarreglum, tímasetningum og öðru fyrirkomulagi sjóðsins á milli ára. Í samtölum hefur einnig komið fram að bagalegt sé þegar skilyrði fjárveitinga eru slík að þau útiloki að hægt sé að nýta fjármagn í launakostnað, enda er kostnaður við rannsóknir og þróun á lausnum oft í höndum einstaklinga innan nýsköpunarfyrirtækja sem sækja í styrki. Einnig vill stofnunin benda á að í tilviki verkefna á sviði hringrásarhagkerfisins, og í vissum tilfellum loftslagsmála, á krafan um nýsköpun eða nýnæmi í mörgum tilfellum ekki við. Þetta getur t.a.m. verið þegar lausn er nú þegar til en gæti skapað aukna hringrás í nýju samhengi eða á nýjum stað eða þegar lausnin snýst um að hverfa aftur til verklags eða hugmyndafræði sem áður var við lýði.

Í þessu samhengi má einnig benda á að nafngift sjóðsins gæti ýtt undir þá hættu að áhersla á verkefni á sviði hringrásarhagkerfisins tapist nema þau verkefni sem eigi fulla samleið með loftslags- eða orkumálum.

Í reglum um starfsemi núverandi loftslagssjóðs kemur fram að fagrað með sérfræðingum meti styrkhæfi umsókna. Fagraðið skilar stjórn sjóðsins greinargerð þar sem umsóknum hefur verið forgangsraðað og stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli hennar. Umhverfisstofnun vill koma á framfæri mikilvægi þess að úthlutun úr loftslags- og orkusjóði sé byggð á faglegum forsendum. Unnt er að stuðla að því með fagraði sem vinnur eftir úthlutunarviðmiðum og -reglum sem byggja á hlutverki sjóðsins.

Þá bendir Umhverfisstofnun jafnframt á að það geti verið ávísun á hagsmunaárekstra ef stjórnarsýslustofnun með eftirlitshlutverk beri ábyrgð á útdelingu hárra styrkuppþæða. Stofnunin leggur því til að horft verði til Rannís til að taka að sér umsjónarhlutverk með sjóðnum, enda sú stofnun sérhæfð á sviði styrkjamála.

Umhverfisstofnun er sem fyrr tilbúin í að taka þátt í frekara samráði um útfærslur styrkveitinga, stjórnarsýslu sjóðsins og þróun á úthlutunarreglum, sé þess óskað.

Virðingarfyllt

Birgitta Stefánsdóttir,
sérfræðingur

Auður H. Ingólfssdóttir
**Sviðsstjóri loftslagsmála og
hringrásarhagkerfi**